

Fundur í háskólaráði 21. janúar kl. 15:30. Til fundar eru mætt Vilhjálmur Egilsson, Anna Elísabet Ólafsdóttir, María Ólafsdóttir, Ólafur Ísleifsson, Sigrún Lilja Einarsdóttir, Guðjón Freyr Gunnarsson, Þórunn Unnur Birgisdóttir, Jón Freyr Jóhannsson, Þorvaldur T. Jónsson.

Dagskrá:

1. Gæðamál. Ólafur Ísleifsson nýráðinn gæðastjóri HB reifaði stöðu gæðamála. Framundan er vinna við skýrslu um innra mat sem er hluti af gæðaferli háskóla. Fulltrúar nemenda í stýrihóp um gæðamál eru Helga Margrét Friðriksdóttir og Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir.
2. Reglugerðabreyting. Laga þarf reglugerð að nýju námsframboði skólans. Rætt um hvort mögulegt sé að hafa lýsingar á námsframboði það almennt í reglugerðinni að ekki þurfi að breyta henni í hvert skipti sem nýjar námslínur koma fram en einnig kom fram að mikilvægt sé að umfjöllun og ákvarðanatöku um nýjar námslínur sé formleg.
3. Matvælaeðisfræði. Ný námslína hjá HB sem byggir á viðskiptafræðinni en inniheldur sjö nýja kúrsa, þar af er búið að gera samning við Matís um kennslu á þremur. Menntamálaráðuneytið lítur svo á sem sérhæfðir kúrsar á brautinni falli ekki undir viðurkennt fræðasvið HB. Í undirbúningi er rannsamningur við Landbúnaðarháskólann en hann hefur viðurkenningu á umræddu fræðasviði. Í þeim samningi verður m.a. gert ráð fyrir samstarfi um námskeið og á grunni þess samnings verður svo gerður sérstakur samningur um að Lbhí ábyrgist umrædda kúrsa í matvælaeðisfræðinni.
4. Lotukennsla. AEÓ lýsti stöðu undirbúnings, skipulag lotukerfis liggur fyrir í meginatriðum en nú eru fjórir vinnuhópar að störfum um kennsluhætti, vinnuhelgar, tæknimál og misserisverkefni.
5. Vinnuhópur um háskólamál í Borgarfirði. Að frumkvæði sveitarfélagsins Borgarbyggðar hefur verið settur á stofn vinnuhópur um háskólamál í Borgarfirði sem hefur það m.a. að markmiði að fjalla um framtíð háskólanna í héraðinu og tryggja sjálfstæði þeirra. VE er fulltrúi HB í hópnum sem þegar hefur haldið einn fund.
6. Sýningin um íslenskt atvinnulíf. Undirbúningsvinna er í fullum gangi en er tímafrekari en gert var ráð fyrir þó ágætlega horfi með verkefnið. Markmiðið er að a.m.k. 50 fyrirtæki taki þátt í sýningunni.
7. Íbúafundur 28. janúar – hlutverk sveitarstjórnar á staðnum/dýrahald. Á fundinum var rætt um götur og umhverfi skólans. Óljóst er um skiptingu ábyrgðar milli skóla og sveitarfélags varðandi umhirðu gatna og opinna svæða. VE og PTJ munu óska eftir viðræðum við sveitarfélagið um þessi mál og að sett verði upp skýr verkaskipting. Þá var umræða um gæludýrahald á Bifröst og hvernig fylgt skuli eftir reglum þar að lútandi. Einnig rætt um öryggismál barna á skólasvæðinu, umferðarmál o.fl og sú hugmynd kom fram að stofna vinnuhóp til að standa fyrir framkvæmdum til úrbóta í ýmsum umhverfismálum.
8. Nordic Leadership Model. HB hefur verið í samstarfi við Bjarna Snæbjörn Jónsson stjórnunarráðgjafa um undirbúning samstarfs um að útbúa stjórnunarmodel sem miðar að

því að auka samkeppnishæfni fyrirtækja í norrænum samfélögum. Einn liður í þessu yrði að stofna Íslensku Viðskiptaakademíuna sem yrði aðili að verkefninu. Jafnframt yrði unnið í samstarfi við ráðgjafafyrirtæki í öðrum norrænum löndum.

9. Önnur mál. Rætt um mikilvægi jákvæðrar og stöðugar umfjöllunar um skólann í fjölmiðlum sem mikilvægan hluta markaðssetningar.